



Ræða á héraðsmóti Sjálfstæðismanna á Akureyri 1955

Bjarni Benediktsson – Stjórnmaál – Sjálfstæðismenn – Sjálfstæðisflokkurinn – Danmörk – Sjálfstæði –
Lýðræði – Akureyri – Héraðsmót - 1955

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-4, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rott á líkadómoti stjálpt.m. á
Akureyri 1955. - Af mátti sama efni
og mátt á líkadómoti í Snafellsnesskólinum.
Eldur bryt.

Sfr bls. 11-13
um óskulýðingartext

heimavist

Öll vitum við, að glögg er gestsaugað.
Sá, sem kemur einhvers staðar öðru hvoru með nokkuru
millibili hefur enn betra færi en heimamenn til að
átta sig á hverjar breytingar verða og hvort þær
miða til góðs eða illis. Þessu allþekktu sannindi
fljúga mér í hug nú, þegar ég er staddur hér á
Akureyri. Hingað hefi ég komið öðru hvoru ~~á~~ um
30 ára skeið. ^{Staðhelti í} Þegarð umhverfisins er hin sama og
ætið, en flest annað er breytt og mjög til batnað-
ar. Vitanlega eiga margir hér hlut, ^{og líkum} þó að þakka
megi ~~egi~~ neinum einum eða einstökum þau verk, sem
þúsundir hafa að unnið. En því ber þó ekki að neita
að sjaldan hafa umbæturnar verið meiri og augljósari
en einmitt hingað síðari ár. Það er að vísu í samræmi
við það, sem gerzt hefur í þjóðlífi okkar í heild.
En hinar miklu skólabyggingar nú síðast stórfenglega
við Menntaskólann, sjúkrahúsið, atvinnufyrirtæki,
eins og togaraútgerðin, ^{og} nú hið mikla hraðfrystihús,
flugvallargerðin hér fyrir innan bæinn og ótal margt
fleira sýnir, að þið Akureyringar hafið átt og eigið
útula forystumenn. Í þeirra hópi ber eigi sízt að
telja alþingismanninn Jónas Rafnar. } Eg minnst þess,
að ýmsum þótti óvænlegt að hafa svo ungan mann í
framboði í fyrstu, töldu ósennilegt, að hann næði
kosningu og enn ólíklegra, að hann léti fyrstu árin
mikið til sín taka á Alþingi. Raunin varð sú, að

hann vann strax glæsilegan sigur og hefur síðan stöðugt aukið fylgi sitt ^{sem} en eigi er furða, því að harðduglegri umboðsmaður kjördæmis síns er vandfundinn. Kemur í einn stað, hvort Jónas vill ýta fram einhverju þjóðþrifa fyrirtæki hér á Akureyri eða þarf að fá úrlausn vanda skjólstaðings síns, ~~Við~~ hvaða stöðu og stétt sem hann er, þá lætur Jónas aldrei neitt undan fallast, er má verða málefni hans til styrktar eða framgangs. Engar ýkjur eru, þótt sagt sé, að hann fái ekki á heilum sér tekið meðan hann telur óleyst mál, sem hann hefur lofað að leysa. Þar sem þessum dagnaði fylgir sá drengskapur og góða greind, sem þið öll þekkið er ekki að furða, að traust Jónasar Rafnar fari sí vaxandi. Það er ^{ekki} engar ýkjur, þótt sagt sé, að bæði Akureyrarbær og Sjálfstæðisflokkurinn megi vera stoltir af að eiga slíkan fulltrúa. Það starf, sem Jónas Rafnar vinnur og fylgið, sem þið veitið honum og byggt er einmitt á trausti vegna unninna verka, sýna eitt með öðru hversu fráleit sú skoðun er, sem sumir reyna að breiða út, að við Sjálfstæðismenn séum einberir eiginhagsmunadýrkendur og miðum öll okkar störf við hagsmuni hinna fáu og ríku. Meira öfugmæli er ekki til. Framfarir Íslendinga hafa aldrei orðið meiri en einmitt, síðasta áratuginn, þau árin, sem Sjálfstæðismenn hafa haft mest áhrif á gang stjórnmalanna, því að við erum eini flokkurinn, sem ætíð hefur setið í ríkisstjórn, frá því rétt eftir stofnun lýðveldisins, 1944.

Velmegun íslenzku þjóðarinnar hefur stöðugt

vaxið í réttu hlutfalli við vaxandi sjálfstæði ríkisins og frjálsræði borgaranna. Aldrei hefur þjóðinni í heild né einstaklingum hennar þó vegnað betur en einmitt nú og raunar ætíð frá því, að lýðveldi okkar var endurreist fyrir ellefu árum, eða einmitt á því tímabili, sem áhrif sjálfstæðismanna, forustuflokksins, um sjálfstæði ríkisins og frelsi borgaranna, hafa notið sín betur en nokkru sinni áður. En þó að margt hafi á unnizt skulum við ekki láta úr huga falla, að mörgu er ábótavant og öðruvísi en vera ætti. Úr þessu er sjálfsagt að reyna að bæta. Frumskilyrði allra umbóta er það, að menn geri sér rétta grein fyrir hverjar meinsemdirnar eru, fyrir öllu eðli þeirra og orsökum. Enginn efi er t.d. á því, að hátt verðlag og ójafnvægi í fjámálum er sú hætta, sem helst steðjar nú að áframhaldandi framförum og vellíðan alls almennings í landinu. Menn hafa ýmsar skýringar á þessu fyrirbæri og er ein þeirra sú, að milliliðir, sem svo eru kallaðir taki allt of mikinn gróða til sín og sé sá gróði frumorsök þessara erfiðleika atvinnulífsins.

En við hverja er átt, þegar talað er um slíka milliliði? Sá mesti og voldugasti þeirra er Samband íslenskra samvinnufélaga og kaupfélög þess, svo sem þið Akureyringar mörgum öðrum fremur þekkið af eigin raun, síðan koma bankarnir, váttryggingarfélag, flutningsfélag, eins og Eimskipafélag Íslands, og loks kaupmenn, ef til vill eigendur hraðfrystihúsa

og aðrir bersyndugir í augum vinstri flokkanna svokölluðu. Allir þessir aðilar hafa þjóðingarmiklu hlutverki að gegna í þjóðfélaginu. Ef vel á að vera verða þeir allir að hafa einhvern gróða því að ella stöðvast atvinnurekstur þeirra, eða getur ekki eflst með eðlilegum hætti og gert það þjóðfélagsgagn, sem til er ætlast. Bankar og vátryggingarfélag hljóta t.d. að sáfna sjóðum til að standa undir óhjákvæmilegum skakkaföllum og verja auk þess fé sínu til útlána í margs konar nytsamar framkvæmdir. Ef Eimskipafélag Íslands hefði ekki grætt á stríðsárunum og fyrstu árunum þar á eftir, myndi hafa skort fé til að byggja hinn glæsilega skipaflota, sem nú er í eigu félagsins og gleður hug allra góðra Íslendinga, jafnframt því, sem hann er ein meginstoðin undir velmegun þjóðarinnar. Eins er fullvíst að án stuðnings Eimskipafélags Íslands mundi hafa verið mjög torvelt að halda uppi flugsamgöngum innanlands í jafnríkum mæli og gert hefur verið, því að félagið hefur ^{missa styrkt þar} eftir annað orðið að hlaupa undir bagga með Flugfélagi Íslands, sem hin síðari ár hefur eitt annast flugsamgöngurnar. Vill nokkur halda því fram, að betur hefði farið, ef öllum gróðanum, sem Eimskipafélag Íslands fékk á stríðsárunum og fyrstu árunum þar á eftir hefði jafnóðum verið skift upp í laun og arð, svo að við þyrftum enn að búa við hin ófullkomnu skip er við áður áttum eða að flugsamgöngur til hinna strjálbýlli staða hefðu fallið

niður vegna gætuleysis til þess að standast undir kostnaði af þeim. Enn er að vísu stundum talað um, að fargjöldin séu óviðunandi há. Eimskipafélag Íslands hefur verið rekið með raunverulegum halla hin síðari ár ef tekið er tillit til lögheimilaðra afskrifta og farmgjöldin hafa ekki meiri áhrif á verðlagið í landinu en svo, að nýlega hefur verið reiknað út af Hagstofu Íslands, að þótt farmgjöld á innfluttum vörum væru hækkuð um 10% mundi það ekki valda meiri verðhækkun en sem nemur 1/5 úr vísutölu- stigi, þ.e.a.s. ekki nema örlítið brot af þeirri gífurlegu hækkun, sem leiðir af kauphækkunum nú í vor, sem nú er sem óðast að koma fram í stórhækkun verðlagi og þar með hækkanði vísitölu og kaupgjaldi er legst á atvinnuvegi þjóðarinnar.

Sannleikurinn er sá, að greiðslurnar til milli- liðanna eru ekki nema brot af því, sem reynt er að telja mönnum trú um og að margir þeirra eru einmitt bráðnaðsynlegir fyrir þroska og velmegun þjóðarinnar. Fyrir eitt hundrað árum voru nær því engir milliliðir til hér á landi. Þá var líka allt í kaldakoli og enginn auðsöfnun innanlands, sem orðið gæti undirstaða framfara og velmegunar. Það er fyrst með aukinni verkaskiptingu, með því að hver fáist við það, sem hann er hæfastur og þjóðin taki sjálf að sér að annast öll þau verk, sem nauð- synleg eru í síðuðu þjóðfélagi, en hér hefjast þær framfarir, sem eru undirstaða farsældar okkar.

Þetta sjá allir, þegar á það er bent, en því er

þá haldió fram, að gróðanum sé ekki rétt varió eða hann sé óhæfilega mikill og stundum jafnvel hvorttveggja, Auðvitaó veróur ekki synt fyrir öll sker í þessu. Enginn maður hefur enn fæðst gallalaus, og reynslan hefur sýnt, að sitthvaó bjátar á, hvert sem fyrirkomulagió er. Sumir segja, að allt muni betur fara, ef samvinnufélög annist sem mestan rekstur, aðrir telja ríkisrekstur eina ráóió og við Sjálfstæðismenn höldum því eindregió fram, að þótt án hvorugs þessa megi vera, þegar við á, sé samkeppnin öllum hollust og hugkvæmi og dugnaó hinna einstöku atorkumanna megi sízt drepa í dróma. Auðvitaó kemur fyrir, að sumir slíkir menn auó gast ef til vill úr hófi og aðrir kunna ekki með fé að fara. Hér á landi vantar sízt lögin, til að taka kúfinn af tekjum manna. Jafnvel Einar Olgeirsson hefur sagt, að sannleikurinn sé, að ef maður vill fara út í það svona stranglöglega þá hefur kapítalisminn raunverulega verió bannaóur á Íslandi. Skattalögin og hömlurnar á atvinnurekstrinum eru svo margvíslegar að dómi þessa postula ríkisrekstursins. En þó að margt fari aflaga hjá einstaklingunum á það ekki síóur við í öórum rekstri, hvort sem um er að ræða ríkisrekstur eða samvinnurekstur. Eg skal aðeins taka eitt dæmi. Á s.l. vetri kom í ljós að einni vefnaóarvörubúó í Reykjavík hafó

tekizt að fá að láni úr tveimur bönkum þjóðarinnar, Útvegsbankanum og Búnaðarbankanum eitthvað um 8 milj. króna samanlagt, auk margra milj., sem fangnar voru með okurvöxtum á svokölluðum svartamarkaði. Viðskiptunum við bankana var svo háttað, að í fyrstu munu þau aðallega hafa verið við Útvegsbankann, sem lögum samkvæmt á að greiða fyrir verzlun, síðar meira og meira færst yfir í Búnaðarbankann, sem samkvæmt ótvíræðu lagafyrirboði hefur þann tilgang " að styðja landbúnaðinn og greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirra, er stunda landbúnaðarframleiðslu". Um þær mundir, sem Búnaðarbankinn veitti mest af lánum sínum til þessara vefnaðarvörukaupa hafði ríkisstjórnin með berum orðum farið þess á leit við bankana, að þeir færu varlega í lánveitingum til verzlunar almennt, þar sem ella væri hætt á, að óeðlilegur innflutningur toveldaði þann vilja stjórnarinnar að forðast innflutningshöft og halda verzlunarfrelsinu sem náðst hafði eftir langa baráttu. Forstöðumaður þeirrar verzlunar, sem hér átti hlut að lýsti því síðar fyrir rétti, að ástæðan fyrir hinum gífurlegu innkaupum hans hefði einmitt verið sú, að hann taldi öruggt, að stefna ríkisstjórnarinnar yrði ekki haldin, heldur mundu innflutningshöft tekin upp að nýju og gengi krónunnar fellt. Eg skal ekki fara mörgum orðum um þann verknað, að auka lánveitingar stórlega til manna, sem svona fóru að, sem vísvitandi grófu undan þjóðnytjaákvörðunum ríkisstjórnarinnar,

ekki til að efla framleiðslu eða nytsamlegar framkvæmdir, heldur til kaupa á vefnaðarvöru, sem síðar reyndist svo illa valin, að hún varð óseljanleg. Ég skal ekki fjölyrða um þetta að sinni, en læt mér nægja að segja frá niðurlagi sögunnar, sem er jafnvel enn furðulegri en upphafið. Er svo reyndist, að stefna ríkisstjórnarinnar varð haldbetri en vefnaðarvörukaupmaðurinn hafði ætlað, virtist svo sem fyrirtæki hans mundi verða gjaldþrota. Til hindrunar því komst samt skjótlega hreyfing á ýmsa aðila og er því ekki að leynd, að lokaátakið í því vann Samband íslenskra samvinnufélags, sem keypti vörubirgðir verzlunarinnar fyrir nær 9 milj. króna og hækkaði tilboð sitt í þær verulega, ekki í samkeppni við aðra, heldur eftir að í ljós var komið, að kaupmenn í Reykjavík vildu ekki stuðla að viðhaldi fyrirtækisins með því að meta vörubirgðirnar fyrir mun minna en Sambandið að lokum keypti þær fyrir. Mér er sagt, að þessi óseljanlegi varningur, margra ára samansafn í Reykjavíkur-búðinni hafi síðan verið fluttur út um land eða þangað sigi að flytja hann og þá sennilega til sölu á þá staði, þar sem ekki þarf að óttast verulega frjálssa samkeppni. Vonast ég til, að verzlunarmálum ykkar, góðir Akureyringar, sé betur háttað en svo, að þið þurfið að sitja uppi með þennan aflóga varning. Um allar þessar áferðir skal ég ekki kveða upp dóm að svo komnu, heldur læt ég hverjum ykkar eftir að mynda sér sjálf staða skoðun.

Óneitanlega held ég, að flestir hljóti að telja það öruggara, að þeir sem hér hafa mest haft sig í frammi, hvort heldur í stjórn Búnaðarbankans eða Sambands íslenskra samvinnufélaga fái ekki einokun á fjármálum og verzlun landsins. Samkeppnin er áreiðanlega holl til að forðast ofurvald þeirra, ekki síður en einokun annarra. Samkeppnin er vafalaust bezta leiðin til að tryggja sem lægst verðlag. Aldrei verður hjá því komizt, að þeir, sem mest hafa af hinum sérstöku verzlunarhyggindum hagnist meira en aðrir. Það er og viðskiptamönnum þeirra beint til hags, ef þeir fá gróða sinn af því að selja betri eða ódýrari vöru en aðrir. Meðan einokun er eða verzlunarhöft græða þar á móti afglaparnir. Vefnaðarvörubúðin í Austurstræti fór yfir um vegna þess að hún þoldi ekki samkeppnina. Með áframhaldandi ^í flutningshöftum var henni og öðrum slíkum fyrirtækjum engin hættu búin. Um þessar mundir er stærsta smásöluverzlunin á landinu, Kaupfélag Reykjavíkur og nágreennis í miklum fjárhagsörðugleikum af því að félagið stenzte ekki samkeppnina við kaupmennina í Reykjavík. Hvorki stærð fyrirtækisins né rekstursformið ræður hvernig fer, heldur hæfileikar þess, sem því stjórna. Hér sannast enn, að veldur hver á heldur og að það er hvorki ríkissfskipti né samvinnuformið, sem takmarka milliliðagróðann heldur frjáls samkeppni. Með henni er hverjum einstakling um sig fengið bitrasta vopnið, sem til er, sjálfum sér til varnar gegn ágangi

annarra í þessum efnum. Skýringarnar á hinu háa verðlagi hérlandis og ^{afna}vefnaðarhagsóðjafnvægi, er ekki að leita í milliliðagróða, heldur fyrst og fremst í hinu háa kaupgjaldi. ^{ein} Þar sem vinna við undirstöðuatvinnuvegina, svo sem landbúnað og sjávarútveg heimta samþarileg kjör við aðra launþega en allir svo há, að þessir atvinnuvegir fá með engu móti undir risið. Ef ekki væri aðgert mundi atvinnurekstur flestra stöðvast á skammri stundu, en slíkt hlyti að horfa til landauðnar. Af þessum ástæðum hafa stjórnvöldin, Alþingi og ríkisstjórn þvert á móti vilja sínum orðið að grípa til niðurgreiðslna á landbúnaðarvörum, bátagjaldeyris fyrir vélbátafлотann og beinna rekstrarstyrkja fyrir botnvörpuútgerðina og nú síðast eins konar útflutningsuppbóta á útfluttu kjöti. Peningarnir, sem til alls þessa þarf, eru aftur á móti teknir af öllum almenningi, sem áður hafði heimt of mikið í sinn hlut af atvinnuvegunum. Þetta er staðreynd, sem með engu móti verður umflúin. Auðvitað kemur hér ýmisslegt fleira til greina, en þessi staðreynd er undirstaðan að örðugleikum okkar nú, varðandi rekstur atvinnuveganna á Íslandi. Af því að þessi háttur er hafður á myndast hringrás, sem fáa kosti hefur en veldur margs konar óhagræði, meðal annars því, að menn halda í fljótu bragði, að verið sé að styrkja þær atvinnugreinar, sem allir lifa þó af að lokum. Ennfremur er í skjóli þessa reynt að telja mönnum trú um, að ^{þessa}álögur

~~Ríkisins~~ fari í ýmiss konar eyðslur eða óhóf, ýmist hjá ríkinu eða atvinnurekendum, þar sem hér er í raun rétttri aðeins um að ræða nauðvörn gegn þeim ~~þing~~gögum, sem lagðar hafa verið á atvinnuvegina og þeir mundu alls ekki fá undirritið, ef ekki væri við gert með þessu ráði eða öðru. Ef þessi aðferð væri launþegunum raunverulega til hags, væri ekki um að fást, en engir hamast Ólmar gegn bátagjaldeyririnum og álögunum, sem þarf til að standa undir niðurgreiðslum og togarastyrkjum en einmitt þeir, sem ákafast berjast fyrir þeim háu launum, er beinlínis hafa leitt til þessa fjárhagskerfis. Með því sanna þeir óheililyndi sín áþreifanlega. Hið sama gera þeir stjórnmalabraskarar, sem reyna að dylja sannleikann fyrir öllum almenningi með einskisverðu hjali um milliliðagróða og haldlaus blekkingarúræði í stað þess að brjóta málin til mergjar. Er vont að sjá hverra hlutur er í raun og verri, þeirra stjórnmalabraskara, sem hyggja að fá valdalöngun sinni fullnægt með myndun vinstri stjórnar, eða þeirra óhappamanna, sem stefna ennþá lengra og reyna að ^{leiða} ~~neyða~~ verkalyðsfélögin á villigötur í því skyni, að kollvarpa þjóðskipulaginu og innleiða hér hið austræna einræði. Íslenzku þjóðinni er fátt mikilsverðara en það, að sannir lýðræðisunnendur, hvar í flokki sem er, fylki liði til að bjarga verkalyðshreyfingunni úr klóm þeirra er hana misnota sjálfum sér til hags en verkalyðnum

til bölvunar. Þetta er eitt þeirra verkefna, sem við Íslendingar, er viljum friðsama þróun frjálsræðis og lýðræðis í landi okkar verðum að sameinast um. Slíkt kemur engu stjórnarsamstarfi við. Það er jafnnauðsynlegt að gera sér þetta ljóst og hegða sér samkvæmt því, aðveg án tillits til þess, hver er í ríkisstjórn hverju sinni. } Úti í löndum sjáum við t.d. að foringjar brezku verkalyðshreyfinganna, sem er í beinni stjórn málaandstöðu við núverandi ríkisstjórn þar í landi, brýna það mjög fyrir félagsmönnum sínum, að óhófleg hækkun kaupgjalds sé hættulegust fyrir verkalyðinn sjálfan vegna þess, að þá verði útflutningurinn ósamkeppnisfær, en að því mundi aftur leiða atvinnuleysi og örbirgð. Það er þegar búið að leiða íslensk verkalyðshreyfinguna út í þá ógæfu, að heimta herra kaup, en atvinnuvegirnir fá undir risið. Úr þessu hefur enn tekizt að bæta með þeim ráðum, er ég áður gat um. Vonandi tekst með þeim eða öðrum nýjum úrræðum að forðast hið versta en við skulum gera okkur grein fyrir að hér er við ramman reip að draga, því að tilætlan forsprakkanna er alls ekki sú, að vinna að hagsmunum skjólstæðinga sinna, verkamanna, heldur að koma öllu í slíkt öngþveiti, sem mest má verða. } Óteljandi lögleysur og liðsafnaður til ofbeldisfrankvæmda í engu raunverulegu sambandi við verkföllin hefur fært mönnum glögglega heim sannin um, að hér er ekki fyrst og fremst

um eðlilega vinnudeilu að ræða, heldur hervæðingu ^{elingu}
undir valdatöku með ofbeldi, ef þessir herrar
treysta sér til. Það ætti því vissulega að vera
hafið yfir allan flokkságreining meðal lýðræðis-
sinna, að ekki má þola neinum að ætla sér þá dul,
að hann verði sterkari en samtök allra landsmanna,
sjálft ríkið og geti boðið því byrginn. Við verðum
að verameiðubúnir til þess, að tryggja að lög og
réttur ráði á Íslandi með sama hætti og allar
aðrar þjóðir, er halda uppi eigin ríkjum, hafa
gert. Við skulum hafa í huga orð okkar mikla
foringja Jóns forseta Sigurðssonar, er hann
sagði fyrir meira en eitt hundrað árum, að
Íslendingar yrðu að vera menn til þess að verja
land sitt gegn áráð bófaflokks, eða einnrar
hleypiskútu, ef ^{við} þeir ^{þessa} megna ekki slíkt, þá erum
við ekki menn til að hafa sjálfstætt ríki.

Einmitt um þessar mundir er að koma betur í
ljós en nokkru sinni áður ágæti þeirrar stefnu
í utanríkismálum, sem hér á landi var ^{þarinn} ~~táin~~ undir
forystu Sjálfstæðismanna með samþykki allra lýð-
ræðisflokka um að skipa sér í varnarbandalag
hinna frjálsu, vestrænu lýðræðisþjóða. Hin öflugu
samtök, sem Íslendingar hafa gerzt virkir aðilar
í með þátttöku sinni í Atlantshafsbandalaginu og
samþykki sínu á, að komið yrði upp nauðsynlegum
vörnum hér á landi. Þessi samtök hafa nú fengið
áorkað því jafnvægi og þeim styrkleika, sem við
stuðningsmenn þeirra sögðum ætíð fyrir að leiða

mundi til vaxandi friðarhorfa í heiminum. Enn

er að vísu ósýnt, hversu lengi sá uppstytt^ang varir, sem nú stendur, en þótt eigi verði séð langt fram í tímann um það ber að fagna uppstyttunni meðan hún stendur og stuðla að því, að hún vari sem lengst. Það heimskulegasta af öllu heimskulegu væri fyrir hinar frjálsum þjóðir að slaka á samtökum sínum nú, einmitt, þegar komið er í ljós sá árangur, sem menn bezt gátu vænt að rofaði til án þess að til styrjaldar kæmi. Þáttur Íslendinga í þessum efnum er að vísu ekki mikill en hann er þó ekki án þýðingar, hvorki fyrir okkur né umheiminn og ákafi hinna erlendu erindreka um að fá Íslendinga til að bregðast nú skyldu sinni leiðir glögglega í ljós, að nokkurs þykir þeim um vert, hver ákvörðun okkar verður.] Eg efast ekki um, að valið nú sem fyrr verður rétt. Með því gögnum við sjálfum okkur, þjóð okkar, öðrum frjálsum þjóðum og öllum friðelskandi mönnum, hvar sem er í heiminum.

[Eins og ég sagði þá er margt sem örðuvísi fer hér á landi en vera skyldi. Í meginefnum hefur þó verið rétt stefnt, og örðugleikarnir, sem að steðja verða sigraðir, ef við verðum menn til þess að gera okkur grein fyrir eðli þeirra og höfum þolinmæði til þess að standa af okkur öll gerningaveður. Íslenzku þjóðinni hefur fram að þessu reynzt bezt, að lúta forystu Sjálfstæðismanna, við skulum vona, að hún beri giftu til að gera svo einnig í framtíðinni.